



Handbók Svæðisstjóra Starfsárið 2022-2023

100

The logo of Lions International, featuring a circular emblem with two lions facing each other, a central shield with a lion's head, and the words "LIONS INTERNATIONAL" around the border.

Innhald

Embætti svæðisstjóra	3
Alþjóðasamband Lionsklúbba	4
Alþjóðlegt skipurit	5
Skipurit Evrópu	6
Lionshreyfingin á Íslandi. Skipurit	7
Lionshreyfingin á Íslandi. Umdæmi og svæði	8
Klúbbar eftir svæðum	9
Hlutverk og skyldur svæðisstjóra	10
Ráðgjafanefnd umdæmisstjóra(svæðisfundir)	10
Vinnan með klúbbunum	13
Fundardagar	15
Umdæmisstjórnarfundir:	15
Svæðisfundir:	15
Klúbbfundir:	15
Svæðisfundur	16
Mætingablað	16
Aðgengilegt fræðsluefní	17
Fræðslufundir með stjórnunum klúbba	18
Undirbúningur	19
Dagskrá:	19
Til aðstoðar með dagskrá fræðslufunda	20
Upplýsingar um Alþjóðasamtök Lionsklúbba	21
Stjórn Lionsklúbbs	22
Hlutverk helstu embættismanna klúbbsins	24
Formaður:	24
Ritari:	24
Gjaldkeri:	24
Varaformaður:	25
Fráfarandi formaður:	25
Siðameistari:	25
Stallari:	25
Félagafulltrúi:	26
Til umhugsunar vegna inntöku nýrra félaga	27
Nýr félagi	28
Inntökuathöfn	29
Kynning á Lionshreyfingunni	29
Markmið Lionsklúbba:	30
Siðareglur Lions:	30
Mismunandi félagsaðild að Lionsklúbbi	31
Greiðslur til svæðisstjóra	33
Klúbbheimsóknir	34
Að eigin frumkvæði:	34
Í fylgd umdæmisstjóra:	34
Að beiðni umdæmisstjóra:	34
Að beiðni klúbbstjórnar	34
Önnur samskipti:	34
Skýrslur svæðisstjóra	35
Skýrslur til umdæmisstjórnarfunda:	35
Auðlindir fyrir svæðisstjóra	36



Embætti svæðisstjóra.



Stundum er sagt að svæðisstjóri sé fulltrúi grásrótarinnar í Lionshreyfingunni. Við val á svæðisstjóra ætti að taka tillit til þess að viðkomandi sé líklegur til að hafa virkan áhuga á málefnum og velferð klúbbanna á svæðinu.

Embætti svæðisstjóra er ekki heiðursembætti og ætti því aldrei að velja aðila í embættið í þeim tilgangi að heiðra viðkomandi. Ekki ætti heldur að velja aðila frá klúbbi sem líklegt er að þurfi á leiðsögn hans eða aðstoð að halda. Velja ætti aðila sem hefur leiðtogaþæfileika og er vel liðinn á svæðinu.


Embætti svæðisstjóra er talið eitt það mikilvægasta innan Lionshreyfingarinnar, ef því er sinnt eins og gert er ráð fyrir. Einnig er mjög mikilvægt að skipaður sé varasvæðisstjóri strax að hausti þannig að hann geti starfað með svæðisstjóra (jafnvel sem ritari) og með því undirbúið sitt starfsár.

Svæðisstjóri leiðbeinir stjórnum klúbba eftir þörfum og reynir að skera úr um ýmis vafamál sem upp kunna að koma. Ef með þarf sækir hann aðstoð fyrst og fremst til umdæmisstjóra. Aðrir embættismenn fjölumdæmisins eða umdæmisins eru einnig viskubrunnur sem sótt er í.

Svæðisstjóri er æðsta embætti Lionshreyfingarinnar á svæðinu. Þó að svo sé, þá hefur svæðisstjóri ekkert vald yfir klúbbunum og getur því ekki sagt þeim fyrir í verkefnavali eða öðru.

Hlutverk hans er að **hveta klúbbana, vera ráðgjafi og tengiliður** og verður það útskýrt nánar í þessari handbók.

Svæðisstjóri heldur sína fyrstu fundi í lok ágúst eða byrjun september með stjórnum klúbba til að undirbúa vetrarstarfið. Fundurinn er haldinn til að gefa viðkomandi aðilum tækifæri til að kynnast, fara yfir ýmsar reglur og það sem efst er á baugi innan hreyfingarinnar.



Svæðisstjóri heldur síðan þrjá svæðisfundi á starfsárinu. Fundina skal halda í september, nóvember og febrúar. Gott er að setja strax í upphafi starfsárs dagsetningar og staðsetningar fundanna og kynna það fyrir stjórnum klúbbanna. Þannig gefst öllum tækifæri til að setja þá inn í sína dagskrá og eiga því auðveldara með að skipuleggja starfið. Það getur verið betra að fresta fundi af óviðráðanlegum ástæðum en að boða fundi með mjög skömmum fyrirvara. Til svæðisfunda skal boða skriflega eða með netþósti með tveggja vikna fyrirvara. Fundarboðið ætti að senda bæði formönnum og riturum klúbba.

Í þessari handbók fyrir svæðisstjóra er að finna flestar þær upplýsingar sem svæðisstjóri þarf á að halda. Æskilegt er að svæðisstjóri setji sér eitthvert markmið fyrir starfsárið. Þessi markmið eiga að snúa að velferð klúbbanna á svæðinu og vera í samræmi við markmið alþjóðaforseta og umdæmisstjóra.



Alþjóðasamband Lionsklúbba.



Stjórn:

Alþjóðaforseti (International President skammstafað IP)

Fráfarandi alþjóðaforseti (Past International President skammstafað PIP)

Fráfarandi alþjóðaforseti verður sjálfkrafa formaður LCIF,
alþjóðahjálparsjóðs Lionshreyfingarinnar.

3 varaforsetar (Vice International President).

Alþjóðastjórnmenn:

Indland, Suður Asía, Afríka, Mið Austurlönd	4 fulltrúar
Ástralía, Nýja Sjáland, Indónesía, Nýja Gínea	1 fulltrúi
Evrópa	6 fulltrúar (Par af alltaf 1 frá Norðurlöndunum)
Kanada	1 fulltrúi
Austurlönd fjær og Suð-austur Asía	6 fulltrúar
Suður og mið Ameríka, Karabíhaf	2 fulltrúar
Bandaríkin, Bermunda, Bahamas	14 fulltrúar
Samtals	34 fulltrúar.

Fjöldi Lionsfélaga:

(Upplýsingar fengnar á www.lionsclubs.org í apríl 2022)

1.408.950 félagar
Í ca. 210 löndum
Í ca. 50.162 klúbbum




Alþjóðlegt skipurit.






Skipurit Evrópu.






Lionshreyfingin á Íslandi. Skipurit





Lionshreyfingin á Íslandi. Umdæmi og svæði.





Klúbbar eftir svæðum



Umdæmi 109 A

Svæði 1

Lkl. Eskifjörður
Lkl. Múli
Fljótsdalshéraði
Lkl. Seyðisfjörður
Lkl. Breiðdalsvík

Svæði 2

Lkl. Hornafjörður
Lkl. Kolgríma
Lkl. Djúpavogs

Svæði 3

Lkl. Skyggnir Hellu
Lkl. Suðrið Vík
Lkl. Vestmannaeyja

Svæði 4

Lkl. Dynkur
Lkl. Eden
Lkl. Embla, Selfossi
Lkl. Geysir
Biskupstungum
Lkl. Hveragerði
Lkl. Laugardals
Lkl. Selfoss
Lkl. Skjaldbreiður,
Grímsnesi
Lkl. Þorlákshöfn

Svæði 5

Lkl. Freyja
Lkl. Garður
Lkl. Grindavík
Lkl. Keflavík
Lkl. Keilir,
Vatnsleysuströnd
Lkl. Njarðvíkur
Lkl. Sandgerðis
Lkl. Æsa, Njarðvík

Svæði 6

Lkl. Álfanes
Lkl. Ásbjörn,
Hafnarfirði
Lkl. Eik, Garðabæ
Lkl. Garðabæjar
Lkl. Hafnarfjarðar
Lkl. Kaldá, Hafnarfirði
Lkl. Seyla, Álfanesi

Svæði 7

Lkl. Eir
Lkl. Freyr
Lkl. Kópavogs
Lkl. Muninn
Lkl. Reykjavíkur
Lkl. Seltjarnarness
Lkl. Þór
Lkl. Ýr

Svæði 8

Lkl. Baldur
Lkl. Engey
Lkl. Fjölnir
Lkl. Fjörgyn
Lkl. Njörður
Lkl. Víðarr
Lkl. Ægir
Lkl. Týr

Umdæmi 109 B

Svæði 1 - 2

Lkl. Agla, Borgarnesi
Lkl. Akraness
Lkl. Eðna, Akranesi
Lkl. Fold, Reykjavík
Lkl. Mosfellsbær
Lkl. Úa Mosfellsbæ

Svæði 3

Lkl. Grundarfjarðar
Lkl. Harpa, Stykkishólmi
Lkl. Nesþinga,
Hellissandi
Lkl. Ólafsvíkur
Lkl. Rán, Ólafsvík
Lkl. Stykkishólms
Lkl. Þernan, Hellissandi.

Svæði 4

Svæði 4

Lkl. Búðardals
Lkl. Ísafjarðar
Lkl. Hólmavíkur
Lkl. Patreksfjarðar
Lkl. Reykhóladeild

Svæði 5

Lkl. Bjarmi,
Hvammstanga
Lkl. Björk, Sauðárkróki
Lkl. Höfði, Hofsósi
Lkl. Sauðárkróks
Lkl. Skagafjarðar

Svæði 6

Lkl. Akureyrar
Lkl. Dalvíkur
Lkl. Hrærekur,
Árskógsströnd
Lkl. Húsavíkur
Lkl. Hængur, Akureyri
Lkl. Sunna, Dalvík
Lkl. Vitaðsgjafi, Eyjafirði
Lkl. Ösp, Akureyri.
Lkl. Ylfa Akureyri
Lkl. Sif deild



Hlutverk og skyldur svæðisstjóra

Svæðisstjóri er framkvæmdastjóri svæðisins og berð ábyrgð gagnvart umdæmisstjóra svæðisins. Einnig er mjög mikilvægt að skipaður sé varasvæðisstjóri strax að hausti þannig að hann geti starfað með svæðisstjóra (jafnvel sem ritari) og með því undirbúið sitt starfsár. Að öðrum kosti skipar svæðisstjóri sér ritara sem fylgir honum á fundi.

Hlutverk og frumskyldur svæðisstjóra eru þessar:

- Að efla framgang og markmið alþjóðasamtaka Lionshreyfingarinnar.
- Vera formaður ráðgjafanefndar umdæmisstjóra á svæðinu og halda reglulega fundi í þeirri nefnd (svæðisfundi) á starfsárinu.
- Að vinna í samstarfi við GMT fulltrúa umdæmisins að félagaþróun, þar á meðal að fjölga nýjum klúbbum.
- Að vinna í samstarfi við GLT fulltrúa umdæmisins að fræðslumálum og sérstaklega að upplýsa um möguleika í leiðtogafræðslu og GST fulltrúa vegna verkefna sem eru í gangi.
- Sinna öðrum störfum eins og þau eru skilgreind af alþjóðastjórn og tilgreind eru í handbókum umdæmisins.

Önnur hlutverk og skyldur svæðisstjóra:

- Fylgjast með heilsu og stöðu klúbba á svæðinu
- Hjálpa veikum klúbbum að komast í gang aftur
- Mæta á fund hjá hverjum klúbbi á svæðinu og skila skýrslu um þá heimsókn til vara umdæmisstjóra og umdæmisstjóra
- Fara yfir stöðu klúbba sem eiga í erfiðleikum með vara umdæmisstjóra
- Þekkja til verkefna klúbbanna á svæðinu
- Koma með tillögur aðferðir til að aðstoða klúbba á svæðinu þar sem þörf er á
- Hjálpa til að klúbbar skiptist á hugmyndum um aðgerðir, verkefni og fjáraflanir
- Kynna umdæmis- fjöldumdæmi- og alþjóðleg verkefni fyrir klúbbum á svæðinu
- Sjá til þess að sérhver klúbbur svæðisins starfi samkvæmt lögum og reglum Lionshreyfingarinnar.
- Hvetja klúbba til taka þátt í umdæmis, fjöldumdæmis og-alþjóðaþingum.
- Vinna í takt með umdæmisstjórninni
- Taka þátt í öllum reglulegum fundum umdæmisins

Ráðgjafanefnd umdæmisstjóra(svæðisfundir)

Svæðisstjórinn ásamt formönnum og riturum klúbba á svæðinu mynda ráðgjafanefnd umdæmisstjóra. Svæðisstjórinn er formaður nefndarinnar. Nefndin upplýsir svæðisstjórann um málefni innan svæðisins, kemur með ábendingar og gerir tillögur um málefni sem snerta alla klúbba á svæðinu. Svæðisstjórinn kemur ábendingum og tillögum áfram til umdæmisstjóra og umdæmisstjórnar. Nefndin hittist að minnsta kosti þrisvar á ári. Fjórði fundurinn, ef hann er haldinn gæti meðal annars verið notaður til að heiðra núverandi og fyrrverandi klúbbstjórnarmenn. Skilað er skýrslu til umdæmisstjóra um fundi nefndarinnar á forminu DA-ZCM. Sýnishorn af því eyðublaði er aftast í þessari handbók. Handbókin á ensku.

<https://www.lionsclubs.org/resources/EN/pdfs/da100.pdf> Svæðisfundir gefa svæðisstjóranum tækifæri til að hvetja til samstöðu og einingar innan svæðisins. Klúbbarnir skiptast á hugmyndum um klúbbstarfið og stjórnun klúbbanna á svæðisfundum um leið og rætt er um verkefni, aðgerðir og fjáraflanir.



Verkefni og hlutverk svæðisfundanna er:

- Fullvissa svæðisstjóranum um að hver klúbbur sé virkur og fylgi í starfi sínu lögum og reglum Lionshreyfingarinnar.
- Hvetja til þátttöku í umdæmisþingum, fjöldumdæmisþingum og alþjóðaþingum
- Hvetja til þátttöku í stofnskrárhátiðum á svæðinu
- Ræða leiðir til að hjálpa klúbbum sem þurfa aðstoð í félaga eða leiðtogamálum
- Hvetja til, kynna og samræma margvíslegar klúbbaðgerðir, svo sem að klúbbar heimsæki hvern annan, aðferðir við stjórnarskipti, inntöku nýrra félaga, aðferðir við að heiðra lykilpersónur og fleiri klúbbaðgerðir

Að skipuleggja árangursríkan svæðisfund

Eftirfarandi tékklisti getur hjálpað svæðisstjóranum að skipuleggja árangursríka fundi:

- Velja fundartíma sem hentar meirihluta klúbbanna
- Senda fundarboð með góðum fyrirvara
- Undirbúa dagskrá fyrir hvern fund.
- Hafa til barmmerki eða borðmerkingar með nöfnum allra þátttakenda?
- Hvetja þátttakendur til að deila hugmyndum sínum með öðrum
- Senda fundargerðir til allra klúbbformanna og hvetja þá til að upplýsa sína klúbbfélaga.
- Fundargerðir skal einnig senda til umdæmisstjóra.

Fyrsti svæðisfundur (Haldinn í september eða í byrjun október)

Fundarefnin fyrir þennan svæðisfund er eftirfarandi:

- Staða klúbbanna, markmið og þema ársins
- Kynning á verkefnum og markmiðum frá 1. Umdæmisstjórnarfundi
- Kynning á verkefnum og fjárlöfunum í hverjum klúbbi
- Kynning á fræðsluefni og samvinna klúbba á svæðinu
- Önnur mál og fundarslit

Mörgum finnst eðlilegra að halda fyrsta svæðisfund fyrir fyrsta umdæmisstjórnarfund til þess að geta sagt umdæmisstjórn frá fyrirhuguðum verkefnum á svæðinu og mati á styrk klúbba á svæðinu.



Annar svæðisfundur (Haldinn rétt fyrir 2. Umdæmisstjórnarfund)

Fundarefni fyrir þennan svæðisfund er eftirfarandi:

- Fara yfir málefni sem verða til umræðu á 2. Umdæmisstjórnarfundi
- Kynning á leiðtogafræðslu og Leiðtogaskólann fyrir viðtakandi stjórnir
- Inntökuathafnir og ábyrgð á nýjum félögum
- Umræður um félagafjölgun og mögulega nýja klúbba
- Önnur mál og fundarslit

Priðji svæðisfundur (Haldinn rétt fyrir 3. Umdæmisstjórnarfund)

Fundarefni fyrir þennan svæðisfund er eftirfarandi:

- Fara yfir málefni sem verða til umræðu á 3. Umdæmisstjórnarfundi
- Fara yfir stöðu og árangur í klúbbstarfinu og í verkefnum klúbbanna
- Aðferðir við val á nýrri stjórn og við stjórnarskipti
- Höfum við unnið til viðurkenninga?
- Önnur mál og fundarslit



Vinnan með klúbbunum

Finna þarf út sérstakar þarfir hjá hverjum klúbbi sem hægt væri að aðstoða við að leysa, með því að heimsækja hvern klúbb að minnsta kosti einu sinni á starfsárinu. Hlustið vandlega eftir áhyggjuefnum hjá klúbbfélögum og gefið uppbyggjandi ráð. Skráið hjá ykkur það sem þið teljið áhugavert og þau ráð sem hafa verið gefin til að geta betur fylgst með framvindu mála hjá hverjum klúbbi. Einkennin og starfið í sterkum klúbbi er verulega frábrugðið því sem er í veikum klúbbi.

Einkenni sterkra klúbba:

- Eru vel skipulagðir
- Halda reglulega fundi, senda út dagskrá fyrirfram.
- Félagarnir eru áhugasamir og stoltir af klúbbnum sínum
- Það er stöðug fjölgun í klúbbnum
- Setur félagana í verkefni sem skipta þá máli og hafa meiningu fyrir þá sjálfa
- Styrkir fjölda verkefna sem svara þörfum í samféluginu
- Hefur árangursríkar fjáraflanir
- Hefur sterk almannatengsl við samfélagið
- Virkjar og hvetur félaga sem hafa áhuga á að taka þátt í stjórnun
- Greiðir gjöldin sín tímanlega og er hvergi í vanskilum
- Skilar mánaðarskýrslum á réttum tíma

Einkenni veikra klúbba:

- Hefur félaga sem hafa ekki frumkvæði, skortir samstöðu og áhuga og hafa ekki umhyggju fyrir persónulegum þörfum hvers annars
- Helst illa á félögum og er ekki að vaxa
- Styrkja fá verkefni fyrir samfélagið
- Hafa ekki áætlun um hvernig nýliðar kynnast klúbbnum og hreyfingunni
- Fáir félagar hafa áhuga á að takast á við stjórnun í klúbbnum
- Sækja ekki umdæmisþing eða svæðisfundí
Eru oft á eftir með greiðslu gjalda
- Eiga á hættu að vera settir í biðstöðu hjá alþjóðahreyfingunni



Veikir klúbbar geta náð sér á strik með því að hafa og þróa með sér eftirfarandi:

- Vel undirbúna og vel skipulagða fundi sem haldnir eru reglulega, senda út dagskrá fyrir fund
- Vel skipulögða stjórn og nefndir
- Góða áætlun um félagafjölgun og inntöku nýrra félaga
- Mikilvæg verkefni og góða fjárlögun þar sem samfélagið tekur þátt og líka með fjárframlagi
- Góða áætlun um leiðtogaþróun
- Gott samskipta- og almannatengslakerfi bæði innan klúbbsins og við samfélagið
- Vilja til að taka þátt í svæðisfundum, umdæmisþingum og alþjóðaþingum

Svæðisstjóri ræðir við klúbbana um hvaða aðstoð er mögulegt að veita til að auka félagafjöldann og þróa nýja leiðtoga um leið og hann veitir árangri klúbbsins athygli í heimsóknum sínum.

Svæðisstjóri á að vera hvetjandi, gefa ráð og upplýsa um samskiptaleiðir í heimsóknum sínum til klúbbana.

Að vera hvetjandi svæðisstjóri:

- Hrósar klúbbnum fyrir árangur í verkefnum og almannatengslum í sínu samfélagi
- Hvetur til liðsanda og einingu meðal klúbbfélaga
- Útskýrir mikilvægi þess að virða og vinna með öðrum klúbbfélögum
- Hvetur klúbbfélaga til að taka þátt í umdæmisverkefnum, þingum, fræðslu og þjálfun
- Hvetur klúbbfélaga til að takast á við stjórnunarábyrgð

Að vera ráðgefandi svæðisstjóri:

- Býður fram leiðsögn og stuðning til klúbbanna
- Upplýsir klúbbanna um fyrirliggjandi efni og aðföng frá Lionshreyfingunni og samféluginu
- Hlustar eftir áhyggjuefnum í klúbbunum
- Bendir á uppbyggjandi leiðir til að leysa misskilning og vandamál í klúbbunum
- Leiðbeinir klúbbum sem eru veikir og komnir í vanda
- Hvetur sterka og árangursríka klúbba til að setja sér hærri markmið

Svæðisstjórinn og almanntengsl:

- Upplýsir klúbbana um hvað er að gerast í umdæmi og fjöldumdæmi og hvaða fræðslumöguleikar eru til staðar
- Kemur með hugmyndir um hvernig klúbbar geta tekið þátt í umdæmisverkefnum
- Upplýsir umdæmisstjórnum um klúbbverkefni
- Kynnir tilgang Alþjóðlegu Lionshreyfingarinnar



Fundardagar.

Umdæmisstjórnarfundir:

1. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
2. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
3. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
4. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____

Svæðisfundir:

1. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
2. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____
3. Staður: _____ Dags: _____ Kl: _____

Klúbbfundir:

1. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
2. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
3. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
4. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
5. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
6. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
7. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
8. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
9. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____
10. Klúbbur: _____ Dags: _____ Kl: _____ Staður: _____



Svæðisfundur

Mætingablað



Umdæmi:	Svæði:	Staður	Dags:	Tími:
Nafn:	Klúbbur:			Embætti:



Aðgengilegt fræðsluefni



Námskeið

þau sem eru í boði eru fjölmög og af mismunandi tagi.

Meðal efnis sem kennt er í „Leiðtogaskóla Lions“ sem haldinn er á hverju ári er:

Áskorun til breytinga

Samskipti og virk hlustun.

Áhrifaríkur málflutningur – Ræðumennska

Fjölbreytileiki

Skapandi hugsun

Að halda góða fundi

Að leysa ágreining

Árangursrík liðsheild: Virkja og hvetja

Að setja saman hóp – Öflugt hópstarf (teymi)

Leiðsögn

Markmiðasetning

Önnur námskeið sem nefna má eru.

BTB breyting til batnaðar (Club Excellence Process)

Hvað er Lions – Nýliðanámskeið

Siðameistaránámskeið

Unglingaskipti – Unglingabúðir

Alþjóðasamskipti

Umhverfisvernd

Félaganeftarnámskeið

Aðrir málaflokkar

Almenn fræðsla um hreyfinguna

Námskeið sniðin að þörfum hvers klúbbs

Stjórnunaraðferðir – Leiðtogaðilar

Sterkur leiðtogi – Virkni og frumkvæði

Ákvarðanataka – Að deila út verkefnum Fundarstjórn – Fundarritun – Fundarsköp

Fræðslustjóri Lionshreyfingarinnar getur í flestum tilfellum uppfyllt óskir klúbba um þessi og jafnvel önnur sérútbúin námskeið fyrir klúbba.



Fræðslufundir með stjórnum klúbba



Eins og fyrr sagði heldur svæðisstjóri sína fyrstu fundi í lok ágúst eða byrjun september. Fundirnir hafa verið nefndir “**fræðslufundir með stjórnum klúbba**”. Á þessum fundum er svæðisstjóri **einn** með stjórn hvers klúbbs fyrir sig. Svæðisstjóri getur haft með sér aðstoðarmann og þá helst umdæmisstjóra eða varaumdæmisstjóra telji hann þörf á því. Strangt til tekið á þá þetta að vera svona en í nútímanum notum við bara þá samskiptatækni sem hverjum og einum hentar

Reynslan hefur sýnt að menn verða gjarnan þvingaðir og segja ekki frá raunverulegum vandamálum klúbbsins ef margir heyra til. Því er nauðsynlegt að svæðisstjóri byggí upp það traust sem til þarf. Klúbbstjórnir þurfa að finna að það sem fram fer á þessum fundi sé trúnaðarmál. **Fundargerðir af fundinum fá eingöngu umdæmisstjóri, varaumdæmisstjóri og formaður viðkomandi klúbbs.**

Á fundina skal boða formann, ritara og gjaldkera en best er að hafa aðra stjórnarmenn klúbbsins með svo sem varaformann, fráfarandi formann, siðameistara, stallara og formann félaganefndar.



til að

Hlutverk svæðisstjóra á þessum fundi er að vera fundarstjóri og leggja til dagskrá í aðalatriðum. (Sjá hugmynd að dagskrá á næstu síðu). Hann heldur þennan fund miðla af þekkingu þeirri sem hann hefur aflað sér en einnig til að fræðast um klúbbinn.

Í dreifbýli má símtal við formann klúbbsins koma í stað þessa fundar eða að haft er samráð við umdæmisstjóra um fundinn.

Eitt af meginmarkmiðum þessara funda er að ýta starfi klúbbana í gang að hausti.

Leggja skál áherslu á að allir fundarmenn taki þátt í umræðunum, spyrji óspart og svari hiklaust þeim spurningum sem þeir hafa svör við.

Leggja skal áherslu á að fundurinn sé frekar óformlegur og að á honum ríki gagnkvæmt traust og létt andrúmsloft.



Fræðslufundir með stjórnum klúbba.



Undirbúningur.

Varðandi undirbúning fyrir þessa fundi má hafa eftirfarandi í huga:

1. Svæðisstjóri kynnir sér handbókina vel og aflar sér frekari upplýsinga hjá umdæmisstjóra um hreyfinguna bæði á innlendum og alþjóðlegum grundvelli. Svæðisstjóra þarf að vera kunnugt um uppbyggingu fjölmundæmis og umdæmis og þekkja svið helstu embætta. Með það að veganesti er hann betur undirbúin undir þær spurningar sem upp geta komið.
2. Svæðisstjóri kynnir sér starfsemi klúbba svæðisins með því til dæmis að lesa árskýrslur síðustu ára. Hann kynnir sér einnig “landamæri” svæðisins.
3. Svæðisstjóri leitar eftir fundargerðum svæðisfunda síðasta árs hjá fráfarandi svæðisstjóra til að kynna sér betur hvort eitthvað sérstakt hefur verið í gangi þá.
4. Velja skal góðan fundarstað, hæfilega stórt herbergi, bjart og vistlegt. Sætaskipan ætti að vera óformleg og andrúmsloftið sem þægilegast.
5. Hafa nægan skrifpappír og auka skrifffæri til að lána.
6. Hafa fyrirfram ákveðna dagskrá (sjá tillögu) og fylgja henni eftir. Láta málglæða aðila ekki komast upp með að tefja fundinn með óþarfa orðskrúði. Hugsanlega má tímasetja hvern lið dagskrárinna.
7. Svæðisstjóri skal muna að þetta er **hans** fundur og **hann** stjórnar honum.
8. Umfram allt: **Vera vel undirbúinn og taka tillit til aðstæðna á sínu svæði.**

Dagskrá:

1. Tilgangur fundarins.
2. Hlutverk svæðisstjóra.
3. Stjórn klúbbsins.
4. Hlutverk embættismanna klúbbsins.
5. Staða klúbbsins.
6. Er þörf fyrir nýja félaga.
7. Er möguleiki á stofnun nýs Lionsklúbbs.
8. Stefnumál alþjóðaforseta og umdæmisstjóra. Merkisdagar hjá hreyfingunni.
9. Unglingaskipti
10. Sameiginleg verkefni á vegum fjölmundæmis eða umdæmis.
11. Dagsetningar svæðisfunda.
12. Önnur mál sem upp gætu komið.

Svæðisstjóri skal hafa hugfast að þetta er aðeins **hugmynd að dagskrá fundarins**. **Öll svæðin** hafa sínar sér **þarfir** og **hver klúbbur** hefur sínar sér **þarfir**. **Tillit** þarf að taka til aðstæðna hverju sinni.



Til aðstoðar með dagskrá fræðslufunda



Fræðslufundur er fyrsti fundur svæðisstjóra með stjórn Lionsklúbbs.

1. **Tilgangur fundarins.** Tilgangur fundarins er að gefa viðkomandi aðilum tækifæri til að kynnast og skiptast á skoðunum og þekkingu, þannig að allir geti notið góðs af og öðlast nauðsynlega kunnáttu til að geta innt af hendi gott starf. Viðkomandi ættu einnig að öðlast betri skilning og þekkingu á skyldum sínum í því embætti sem þeir gegna.
2. **Hlutverk svæðisstjóra.** Hlutverk svæðisstjóra sem **ráðgjafa og tengiliðs** útskýrt.
3. **Stjórn klúbbsins.** Í stjórn klúbbsins sitja: Formaður, ritari, gjaldkeri, vara formaður, fráfarandi formaður, siðameistari, stallari og formaður félaganefndar.
4. **Hlutverk embættismanna klúbbsins.** Upplýsingar um hlutverk helstu embættismanna klúbbsins eru að finna aftar í handbókinni.
5. **Staða klúbbsins.** Farið er yfir stöðu klúbbsins, bæði fjárhagslega, félagsfjölda og starfsandann í klúbbnum. Eru stjórnarfundir haldnir reglulega? Er gerð fjárhagsáætlun? Eru reikningar klúbbsins gerðir upp? Eru alþjóðagjöld og fjöldumdæmisgjöld greidd á réttum tíma? Eru starfsemi klúbbsins í samræmi við reglur hreyfingarinnar? Er starfsemi klúbbsins í eðlilegu ástandi. Telji svæðisstjóri klúbbinn “veikan” skal hann skrá niður sínar athugasemdir og senda umdæmisstjóra og varaumdæmisstjóra þær upplýsingar.
6. **Er þörf fyrir nýja félaga.** Inntökumánuðir eru almennt október til mars/apríl. Alltaf er þörf fyrir nýja félaga. Pað þarf að viðhalda klúbbnum. Pað þarf að yngja upp. Pað þarf að fá ferskan blæ. Upplýsingar um inntokuathöfnina eru að finna aftar í handbókinni.
7. **Er möguleiki á stofnun nýs Lionsklúbbs.** Þennan möguleika skal ávallt hafa í huga.
8. **Stefnumál alþjóðaforseta og umdæmisstjóra. Merkisdagar hjá hreyfingunni.** Farið yfir stefnumálin, þó aðeins stuttlega. Umdæmisstjóri gerir betur grein fyrir þeim í sinni heimsókn. 8. október er alþjóðlegur þjónustudagur hreyfingarinnar.
9. **Unglingaskipti, erlend samskipti.** Leita upplýsinga hjá ungingaskiptastjóra og alþjóðasamskiptastjóra um það sem hæst ber.
10. **Sameiginleg verkefni á vegum fjöldumdæmis eða umdæmis.** Kynna þau samstarfs verkefni sem hugsanlega eru í gangi hjá fjöldumdæminu, t.d.. Rauð fjöður.
11. **Dagsetningar svæðisfundu.** Þetta er mikilvægt. Skýra skal fyrir stjórnnum fyrirhugaðar dagsetningar svæðisfundu, sem formaður og ritari eiga að mæta á. Pátttaka í svæðisfundum er liður í því að gera klúbbinn að framúrskarandi klúbbi. Svæðisfundir eru opnir öllum Lionsfélögum.
12. **Önnur mál sem upp gætu komið.** Gera skal ráð fyrir að klúbbstjórnir hafi einhver málefni sem þær telja sig þurfa að koma á framfæri.



Upplýsingar um Alþjóðasamtök Lionsklúbba



Bandaríkjamaðurinn **Melvin Jones** er talinn stofnandi Lionshreyfingarinnar. Hann fæddist í Arizona í Bandaríkjunum. **Alþjóðasamtök Lionsklúbba** (The International Association Of Lions Clubs) voru stofnuð í Chicago **7 júní 1917**.

Hreyfingin barst fyrst til Evrópu árið **1948** með stofnun Lionsklúbbs **Stokkhólms**. **14. ágúst 1951** varð **Ísland 37**. Lions landið í heiminum og það **9. í Evrópu** með **stofnun Lionsklúbbs Reykjavíkur**. **Magnús Kjaran** telst vera upphafsmaður að hreyfingunni hér á landi og var hann fyrsti formaður Lionsklúbbs Reykjavíkur.

Alþjóðahreyfingin skiptist í tíu landfræðileg svæði og hefur Evrópu númerið 100. Þessum svæðum er síðan skipt í umdæmi og fjöldumdæmi. **Svíþjóð** er fyrsta Lions landið í Evrópu og hefur því númerið **101**. **Ísland sem 9.** landið hefur **umdæmisnúmerið 109**. Séu klúbbar nægjanlega margir er umdæminu skipt í fjöldumdæmi. Síðan **1973** er Ísland eitt **fjöldumdæmi** og **tvö umdæmi**. **Fjöldumdæmi 109** skiptist í umdæmi **109A** og **109B**. Til að svo megi verða þurfa að vera **35 klúbbar** með **1.250 félögum** í hvoru umdæmi.

Umdæmisstjóraráð fer með yfirumsjón fjöldumdæmisins. Formaður umdæmisstjóraráðs er **fjöldumdæmisstjóri en** þar sitja líka **umdæmisstjórar** hvors umdæmis. Auk þessara þriggja eru eftirtaldir embættismenn kjörnir fulltrúar í **ráðinu**: Fjöldumdæmisritari, fjöldumdæmisgjaldkeri, unglingskiptastjóri, alþjóðasamskiptastjóri, félagastjóri útbreiðslustjóri, kynningarstjóri, og fræðslustjóri. Auk þess skipar fjöldumdæmisstjóri embættismenn til að fara með aðra málaflokka eftir því sem þurfa þykir hverju sinni.

Aðeins þeir sem sitja í umdæmisstjóraráði hafa raunverulega atkvæðisrétt og fara með stjórn hreyfingarinnar milli þinga. Fjöldumdæmisþing fer með æðsta vald hreyfingarinnar á Íslandi.

Umdæmin tvö 109A og 109B eru undir stjórn **umdæmisstjóranna**. Peir skipa með sér ýmsa embættismenn fyrir þá málaflokka sem í gangi eru hverju sinni. Umdæmisþing fer með æðsta vald í umdæminu.

Umdæmunum er skip í **svæði** eftir landfræðilegri legu. Tekið er tillit til klúbbafjölda sem skal minnst vera **4 klúbbar** og mestur **8 klúbbar** á einu svæði. Hér á landi hefur þó verið tekið til landfræðilegar staðháttu og eru til dæmis til svæði hér með aðeins þrem klúbbum og til hafa verið svæði með 9 klúbbum.

Umsjón með starfi klúbba á svæðunum hefur **svæðisstjóri** í umboði umdæmisstjóra. Umdæmisstjóri er hins vegar fulltrúi alþjóðastjórnar í sínu umdæmi og ber hann ábyrgð á starfi klúbbanna.

Lionshreyfingin starfar nú í _____ löndum með _____ félaga í _____ klúbbum.

Lionsklúbbar í umdæmi 109A eru núna _____ klúbbar á _____ svæðum með _____ félaga.

Lionsklúbbar í umdæmi 109B eru núna _____ klúbbar á _____ svæðum með _____ félaga.
(Þessara tölulegu upplýsinga er hægt að afla á skrifstofu fjöldumdæmisins).



Stjórn Lionsklúbbs



Formaður

Boðar og stjórnar fundum
Tilnefnir í nefndir
í samráði við stjórn klúbbsins

Ritari

Ritar fundargerðir
Heldur spjaldskrá og gerir mánaðarskýrslur
Fylgist með fundargerðum nefnda

Gjaldkeri

Gerir fjárhagsáætlun í samráði við formann
Fer með öll fjármál klúbbsins
Gerir ársreikninga klúbbsins

Fráfarandi formaður

Formaður líknarnefndar
Í félaganefnd
Stýrir nefnd sem finnur næstu stjórn

Félagafulltrúi

Stýrir starfi við öflun nýrra félaga
Fylgist með að félögum líði vel
Stýrir starfi að úrbótum á félagsstarfinu

Siðameistari

Heldur uppi góðum félagsanda,
lífi, fjöri og áhuga með ýmsum
uppátækjum svo sem sektum

Varaformaður

Tekur í forföllum við af formanni
Hefur eftirlit með nefndarstörfum

Stallari

Ber ábyrgð á eignum klúbbsins,
fána og annað viðeigandi á fundum
Sér um sætaskipan á fundum

Allir þessir aðilar eiga að sitja stjórnarfundi klúbbsins

Formaður félaganefndar vinnur einnig með GMT fulltrúa umdæmisins

Formaður Verkefnanefndar situr líka í stjórn og vinnur með GST fulltrúa umdæmisins.

Sjá næstu síðu.



Breyting á lögum um klúbbstjórnir

- Nú eiga að vera GMT-, GLT- og GST-fulltrúar í stjórn hvers klúbbs, auk LCIF-fulltrúa.
- GMT (félagafulltrúi) hefur verið í flestum klúbbum á Íslandi í langan tíma, en kannski ekki með rétt hlutverk. Hans hlutverk er að styðja við félagaöflun, tryggja ánægju félaga og að þeir séu áfram í klúbbnum.
- GLT (leiðtoga- og fræðslufulltrúi) sér um fræðslu og uppbyggingu leiðtogaefna innan klúbbsins auk þess sem hann aðstoðar við að finna nýja stjórnendur í klúbbnum.
- GST (Verkefnanefnd) hafa starfað í klúbbum, en fá nú einnig það hlutverk að innleiða nýju verkefnaflokkana, „Service Framework“, m.a. sykursýki. Auk þess, með aðstoð umdæmisfulltrúa, að meta og endurskoða verkefnaval og fjárlunarleiðir.



Hlutverk helstu embættismanna klúbbsins



Formaður:

Formaður hefur með höndum æðstu stöðu framkvæmdavalds í klúbbnum, stýrir stjórnar- og klúbbfundum, boðar til allra funda, tilnefnir, í samráði við stjórn, í allar nefndir og hefur náið samstarf við formenn þeirra. Hann sér um að framkvæmd kosninga í klúbbnum sé lögleg.



Formaður heldur fund með stjórn og nefndarformönnum áður en starfsárið byrjar. Þar gefst meðal annars tækifæri til að skipuleggja starfsárið dreifa skipunarbréfum og fleiri upplýsingum.

Stjórnarfundi á að halda reglulega að minnsta kosti tvisvar í mánuði og eiga þeir að vera fyrirfram ákveðnir. Telji formaður eða meirihluti annarra stjórnarmanna ástæðu til að halda auka stjórnarfund skal það gert á þeim stað og tíma sem formaður ákveður.

Formaður boðar til allra funda klúbbsins. Hann skipuleggur, í samráði við ritara, dagskrá fundanna og tekur tillit til óska annarra stjórnarmanna, nefndarmanna eða sérstakra óska klúbbfélaga.

Formaður fylgist með að öllum skýrslum og gjöldum klúbbsins sé skilað á réttum tíma.

Formaður, í samráði við stjórn og nefndarformenn, markar stefnu klúbbsins hvað varðar verkefnaval, fjáraflanir og fleira.

Formaður er ábyrgur fyrir uppfræðslu nýrra félaga, hátíðlegri inntökuathöfn og að meðmälendur sinni skyldum sínum.

Ritari:



Ritari er undir stjórn formanns og stjórnar og skal hann sjá um samskipti klúbbsins við umdæmið og alþjóðaskrifstofuna. Mánaðarskýrslur klúbbsins til skrifstofu allar skýrslur og skrár klúbbsins, og klúbbfunda og hefur umsjón með fylgist einnig með að fundargerðir ritaðar.



Ritari er virkur meðlimur í ráðgjafanefnd umdæmisstjóra og er sitja svæðisfundi.

Ritari sækir um þær viðurkenningar sem klúbbfélagar hafa unnið 100% formaður, lykilviðurkenningar, 100% mætingamerki, viðurkenning til klúbbsins vegna fjölgunar og fleira.

Hann útfyllir og sendir fjölmundæmisins, færir fundargerðir stjórnarspjaldskrá. Hann nefndarfunda séu skyldugur til að

Gjaldkeri:

Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum klúbbsins. Áður en starfsárið hefst gerir hann, í samráði við stjórn, fjárhagsáætlun sem lögð er fram á fyrsta fundi klúbbsins. Hann sér um að halda skilmerkilega aðgreindum félagssjóði og verkefna- eða líknarsjóði klúbbsins.



Gjaldkeri sér um að greiða skuldir klúbbsins í samráði við stjórn. Hann heldur utan um bókhald og útbýr milliuppgjör ef stjórn óskar eftir því. Hann heldur utan um fjárhagslega stöðu félaga gagnvart klúbbnum.

Gjaldkeri er yfirmaður fjármála klúbbsins og eru gerðir hans undir umsjón formanns og stjórnar.

Gjaldkeri er virkur meðlimur í ráðgjafanefnd umdæmisstjóra og er skildugur til að sitja svæðisfundi. (Þetta er ekki samkvæmt alþjóðalögum, en hefur tilkast hérlandis).



Hlutverk helstu embættismanna klúbbsins



Varaformaður:



Varaformaður tekur við starfi formanns ef hann forfallast. Með því undirgengst hann allar þær skyldur og réttindi sem formaður hefur að gegna. Undir stjórn formanns skal varaformaður fylgjast með störfum nefnda klúbbsins.

Varaformaður á að nota tímann til að hlusta á og fylgjast með því sem fram fer á fundum og undirbúa sig undir formennsku um leið og hann á að virka sem mikilvægur aðstoðarmaður formannsins.

Pegar kosinn er varaformaður skal fyrst og fremst taka tillit til þess hvort viðkomandi aðili treystir sjálfum sér til að takast á við embættið.

Varaformaður á að sitja stjórnarfundi.

Fráfarandi formaður:

Fráfarandi formaður starfar með stjórninni. Algengt er að hann sé formaður líknarnefndar því reynsla hans er ómetanleg. Hann er einnig í félaganefnd næstu þrjú árin og verður formaður nefndarinnar þriðja árið sitt í nefndinni.

Þá er fráfarandi formaður sjálfskipaður í nefnd þá sem gerir tillögur til aðalfundar um næstu stjórn klúbbsins. (Varastjórn næsta starfsárs)

Í ýmsum klúbbum er sá háttur hafður á að forfallist formaður þá stjórnar fráfarandi formaður klúbbfundum.

Fráfarandi formaður á að sitja stjórnarfundi.



Siðameistari:



Siðameistari á meðal annars að skapa og halda uppi góðum félagsanda á klúbbfundum ásamt lífi, fjöri og áhuga með því að nota ýmis uppáttæki eða leiki og með því að sekta klúbbfélaga réttlátlega.

Þær sektargreiðslur sem siðameistari innheimtir skal afhenda gjaldkera til varðveislu. Stjórn klúbbsins ákveður um ráðstöfun þeirra.

Uppáttæki siðameistara eru ærið misjöfn og fara mest eftir hans eigin höfði. Hann skal þó reyna að taka mið af andrúmslofti hvers fundar fyrir sig. Takmörk eru fyrir því hvað siðameistari má leyfa sér. Sé verið að ræða verkefni klúbbsins af mikilli alvöru, sé gestafyrirlesari og í nokkrum öðrum tilfellum heldur siðameistari sig á mottunni. Siðameistara er aðeins hægt að sekta með öllum greiddum atkvæðum fundarins, en það skal þó haft í huga að siðameistari hefur neitunarvald.

Siðameistari á að sitja stjórnarfundi.

Stallari:

Stallari skal hafa umsjón og ábyrgð með öllum eignum klúbbsins, þar á meðal fánum, fánaborg, veifum, bjöllu, fundarhamri, ræðupúlti og fleira. Hann á að koma hverjum hlut á sinn stað fyrir fund, vera umsjónarmaður á fundum og dreifa skýrslum og öðru efni sem til fellur bæði á stjórnar- og klúbbfundum.



Stallari sér um að allir hafi þægileg sæti og að félagar sitji á mismunandi stöðum og skipti þannig um sessunauta hverju sinni.

Stallari á að sitja stjórnarfundi.



Félagafulltrúi:



Allir klúbbar eiga að hafa félaganefnd. Tilmæli alþjóðastjórnar eru að félaganefnd sé skipuð þrem síðast starfandi formönum klúbbsins. Sá þeirra sem lengst hefur verið í nefndinni er formaður hennar og ber titilinn "félagafulltrúi". Hlutverk hans er meðal annars:

Að þróa ásamt félaganefndinni fjölgunaráætlun fyrir klúbbinn.

Að hvetja félaga til að vera virkir í því að finna nýja félaga.

Að sjá til þess að rétt sé staðið að inntöku nýrra félaga.

Að verðandi félagar séu samþykktir inn í klúbbinn áður en þeim er boðin innganga.(Enginn einn félagi getur beitt neitunarvaldi)

Að verðandi félaga sé kynnt starfsemi hreyfingarinnar og klúbbsins.

Að skipuleggja frekari fræðslu og undirbúa meðmælandann.

Að leggja til nýjar leiðir til að koma í veg fyrir brotthvarf félaga.

Að starfa með öðrum nefndum að úrbótum á starfsemi klúbbsins.

Að taka sæti í félaganefnd svæðisins, sé þess óskað.

Félagafulltrúi á að sitja stjórnarfundi.



Til umhugsunar vegna inntöku nýrra félaga



Þegar til stendur að fjölga í klúbbnum ætti sá sem mæla vill með nýjum félaga að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni.

Enginn ætti að mæla með félaga nema vera þess fullviss að hann muni mæta vel og vinna af áhuga fyrir klúbbinn og Lionshugsjónina.

Margt ber að hafa í huga er fjölga skal í klúbbnum. Nauðsynlegt getur verið að kanna áhuga þess sem meðmælandi hefur augastað á og vita hver hugur hans er til Lionsstarfsins. Meðmælandi verður einnig að sjá til þess að nýr félagi fái góða fræðslu um starf og sögu klúbbsins sem hann/hún er að ganga í og síðan almennt um Lionsstarfið.



Meðmælendur verða að gera sér grein fyrir því að nýr félagi er þeirra skjólstæðingur. Þeim ber að taka hann að sér á fundum sem og í öðru starfi klúbbsins og vera honum til halds og trausts öllum stundum og sjá svo um að hann uni sér vel í félagsskapnum. Flestir eru eitt - tvö ár að átta sig á félögunum, klúbbnum og starfi hans. Fyrr en nýi félaginn er heill í höfn má meðmælandi ekki slaka á klónni.



Nýr félagi



1. Enginn getur orðið félagi í Lionsklúbbi án þess að honum sé boðin þátttaka.
2. Gestgafi er fyrst og fremst ábyrgur fyrir því að væntanlegur félagi hafi til að bera þá eiginleika sem falli vel að starfi og markmiðum Lionshreyfingarinnar
3. Æskilegt er að væntanlegum félaga sé boðið á nokkra fundi hjá klúbbnum og þá á kostnað klúbbsins,(mismunandi hjá klúbbum) áður en hann tekur afstöðu til inngöngu.

Atriði sem hafa ber í huga fyrir nýjan klúbbfélaga.

1. Hann á að fá fullkomna fræðslu um grundvallarþætti Lionshreyfingarinnar, stjórnunar- og starfshætti og útbreiðslu hreyfingarinnar hérlandis sem erlendis. Það á að gera viðkomandi grein fyrir því við hverju er búist við af honum eftir að hann kemur til starfa sem fullgildur félagi í klúbbnum.
2. Viðkomandi á að fá ítarlega fræðslu um stofndag, sögu og starf klúbbsins sem hann er að ganga í. Leggja skal áherslu á að hann geti aukið lífshamingju sína með nýri áður óþekktri reynslu, nýjum vinum og tækifæri til þess að láta að sér kveða og vera í forystu. Nýr félagi er hvattur til að mæta vel og taka góðan þátt í verkefnum klúbbsins.
3. Inntökuathöfnin á að vera hátíðleg þannig að nýjum félaga þyki sómi að því að ganga í klúbbinn.
4. Í inntökuathöfninni á að vera stutt frásögn um alþjóðasamtökin. Ennfremur stutt ágrip af sögu klúbbsins, starfi hans og markmiðum.

Eftir að nýr félagi hefur verið tekinn í klúbbinn.

1. Formanni ber að reyna að virkja nýjan félaga til starfa með því að skipa hann þegar í einhverja nefnd.
2. Meðmælanda bera að kynna hinn nýja félaga persónulega fyrir öllum klúbbfélögum og sjá til þess að hann viti hvaða embættum félagar í klúbbnum gegna.
3. Lögð skal áhersla á það við nýjan félaga að styrkur hvers klúbbs er talinn í þeirri virkni sem félagar sýna með því að leggja persónu sína, tíma og áhuga í það verkefni sem klúbburinn vinnur að hverju sinni.



Inntökuathöfn



Kynning á Lionshreyfingunni.

(Eftirfarandi miðast við að fleiri en einn félagi sé tekinn inn í einu).

Að fengnum tilmælum félaganefndar og samkvæmt fundarsamþykkt verða nú teknir inn eftirtaldir félagar. _____.

Ég vil biðja þessa aðila ásamt meðmælendum að koma hér upp til míni.

Ágætu væntanlegir Lionsfélagar.

Lionshreyfingin, sem þið eru nú um það bil að ganga í er stærsta hreyfing alþjóðlegra þjónustusamtaka í heiminum. Alþjóðasamtök Lionsklúbbra voru formlega stofnuð hinn 7. júní 1917 í Chicago í Bandaríkjunum.

Lionshreyfingin starfar nú í _____ löndum með _____ félaga í _____ klúbbum.

Aða hvatamaður og stofnandi Lionshreyfingarinnar var Bandaríkjamaðurinn Melvin Jones, fæddur í Arizona hinn 13. janúar 1878. Það sem vakti fyrir Melvin Jones var að stofna fjöldahreyfingu sem hefði mannúðarverk að markmiði, legði sjúkum lið og öllum þeim, sem bágt ættu, gömlum sem unggum, öllum þeim sem ekki gætu annast sig sjálfir. Eftir honum er haft:

“Mér var farið að skiljast að mönnum verður lítið ágengt, nema þeir taki upp á því að gera eithvað fyrir aðra”.

Lionsklúbbar eru óviðjafnanlegur starfsvettvangur fyrir sérhvern áhugasaman og framfarasinnaðan aðila, því innan vébanda þeirra geta allir, ef nægur starfsvilji og áhugi er fyrir hendi, fundið áhugamál við sitt hæfi til að helga kraft sína í nútíð og framtíð.

Lionshreyfingin er óháð stjórnmálflokkum og trúmálfelögum.

Til Íslands barst Lionshreyfingin árið 1951, en þá var fyrsti klúbburinn, Lionsklúbbur Reykjavíkur, stofnaður 14. ágúst.

Ísland er sjálfstætt fjöldumdæmi innan alþjóðahreyfingarinnar og nefnist fjöldumdæmi 109 sem síðan skiptist í tvö umdæmi, 109A og 109B.

Lionsklúbbar í umdæmi 109A eru núna _____ á _____ svæðum með _____ félaga.

Lionsklúbbar í umdæmi 109B eru núna _____ á _____ svæðum með _____ félaga.

Lionsfélagar á Íslandi eru því _____ í dag.

Auk þess er starfandi _____ Leoklúbbar með _____ félögum.

Lionsklúbburinn _____ sem þið eruð nú að ganga til liðs við er í

umdæmi 109 ____ á svæði númer ____ ásamt ____ öðrum klúbbum.

Hann var stofnaður _____ og móðurklúbbur hans er _____.

Inntökuathöfn.

Markmið Lionsklúbba:

(Eldri félagi fenginn til að lesa markmið Lionsklúbba)

1. Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims.
2. Að efla meginreglur heilbrigðs stjórnarfars og borgarlegra dyggða.
3. Að starfa af áhuga að aukinni velferð átthaganna á sviði félagsmála, menningar og almenns siðgæðis.
4. Að tengja klúbbana böndum vináttu, góðs félagsanda og gagnkvæms skilnings.
5. Að skapa vettvang fyrir frjálsar umræður um öll málefni, sem almenning varðar, að því tilskildu að ekki séu rædd meðal klúbbfélaga málefni stjórnrmálflokka né heldur sértrúarhópa.
6. Að hvetja félagslinda menn til að þjóna byggðarlagi sínu án persónulegs ávinnings og hvetja til dugnaðar og eflingar siðgæðis í viðskiptum, iðnaði, opinberri starfsemi og einkarekstri.

Að þessum orðum mæltum spyr ég þig _____ óskar þú eftir að gerast félagi í Lionsklúbb _____? Þar sem þú hefur svarað játandi vil ég biðja meðmælanda þinn að sáma þig merki Lionshreyfingarinnar til staðfestingar á inngöngu þinni í klúbbinn.

(Þessi sömu orð eru endurtekin yfir hverjum nýjum félaga).

Fyrir hönd klúbbsins afhendi ég þér hér með upplýsingamöppuna.

Að lokum vona ég að þið munið eiga hér ánægjulegar stundir og býð ykkur velkomna í klúbbinn um leið og ég bið klúbbfélaga að taka undir þau orð mín með lófataki.

Siðareglur Lions:

(Eldri félagi fenginn til að lesa siðareglur Lionsfélaga)

1. Líttu á starf þitt sem köllun. Leystu það svo af hendi að þú ávinnir þér traust.
2. Leitast þú við að gera starf þitt árangursríkt. Áskildu þér hæfilega umbun en reyndu ekki að hagnast með óréttmætum hætti.
3. Láttu ekki ávinnung þinn verða á annarra kostnað.
4. Vertu hollur meðbræðrum þínum og heiðarlegur gagnvart sjálfum þér.
5. Vertu aldrei eicingjarn. Leiki vafi á réttmæti gerða þinna, breyttu þá við náunga þinn eins og þú villt að hann breyti við þig.
6. Gerðu vináttu að markmiði, ekki leið að marki. Sönn vinátta krefst einskis í eigin þágu og má aldrei vera háð gagnkvæmum greiða.
7. Ræktu samfélagsskyldur þínar. Vertu hollur þegn þjóðar og sveitarfélags bæði í orði og verki.
8. Hjálpaðu meðbræðrum þínum í vanda. Peir sem um sárt eiga að binda þurfa hluttekningu, bágstaddir og minnimáttar stuðning.
9. Vertu gætinn í gagnrýni og örlátur á viðurkenningu. Byggðu upp en rífðu ekki niður.

Ég vænti þess og legg á það áherslu að þú /þið verðir starfsamur félagi, ávallt reiðubúinn að leggja þið/ykkur fram við þau verkefni sem þér verða falinn innan klúbbsins og eins við þau verkefni sem klúbburinn tekur sér fyrir hendur. Með því að vera heill og sí vakandi í starfi vinnið þú/þið klúbbnum það gagn sem til er ætlast af þér/ykkur.

Að lokum vil ég minna á að við leggjum ríka áherslu á mætingu á fundi, sem og til þeirra starfa sem klúbbfélagar verða kallaðir til.

(Gjarnan má kalla maka viðkomandi upp með þeim og afhenda þeim blómvönd).

Mismunandi félagsaðild að Lionsklúbbi

Íslenskt heiti aðildar	Enskt heiti aðildar	Gjöld			Framboð umd.+alp.	Kosningaráttur	Fulltrúi á þingum
		Klúbbur	Umdæmi	Alþjóða			
Virkur félagi	Active	Já	Já	Já	Já	Já	Já
Stuðningsfélagi	Affiliate	Já	Já	Já	Nei	Klúbbmálefni	Nei
Gestafélagi	Associate	Já	Nei	Nei	Nei	Klúbbmálefni	Nei
Heiðursfélagi	Honorary	Nei	Kl. greiðir	Kl. greiðir	Nei	Nei	Nei
Ævifélagi	Life	Já	=650\$ eingr.	650\$ eingr.	Já	Já	Já
Aukafélagi	Member-at-Large	Já	Já	Já	Nei	Klúbbmálefni	Nei
Sérréttindafélagi	Privileged	Já	Já	Já	Nei	Já	Já

Sérréttindafélagi = Einstaklingur sem hefur verið Lionsfélagi í a.m.k 15 ár sem vegna sjúkdóms eða annarra aðstæðna sem klúbbstjórn ákveður segir sig frá stöðu virks félaga.

Ævifélagi = Einstaklingur sem hefur verið Lionsfélagi í a.m.k 20 ár sem hefur unnið vel fyrir klúbbinn eða haldinn alvarlegum sjúkdóm. Eða hefur verið félagi í a.m.k. 15 ár og náð 70 ára aldri.

Lions orðalisti (skammstafanir)

- LCI -The International Association of Lions Clubs = Alþjóðasamtök Lionsklúbba
- LCIF -Lion Clubs International Foundation = Alþjóðahjálparsjóður Lionshreyfingarinnar
- IP -International President = Alþjóðaforseti
- IPIP -Immediate Past International President = Fráfarandi alþjóðaforseti
- PIP -Past International President = Fyrrverandi alþjóðaforseti
- 1stVIP -First Vice International President = Fyrsti vara alþjóðaforseti
- 2ndVIP -Second Vice International President = Annar vara alþjóðaforseti
- ID -International Director = Alþjóðastjórnarmaður
- IPID -Immediate Past International Director = Fráfarandi alþjóðastjórnarmaður
- PID -Past International Director = Fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður
- CC -Council Chairperson = Fjöldumdæmisstjóri
- IPCC -Immediate Past Council Chairperson = Fráfarandi fjöldumdæmisstjóri
- PCC -Past Council Chairperson = Fyrrverandi fjöldumdæmisstjóri
- DG -District Governor = Umdæmisstjóri
- IPDG -Immediate Past District Governor = Fráfarandi umdæmisstjóri
- PDG -Past District Governor = Fyrrverandi umdæmisstjóri
- 1stVDG-First Vice District Governor = Fyrsti varaumdæmisstjóri
- 2ndVDG-Second Vice District Governor = Annar varaumdæmisstjóri
- DGE -District Governor Elect = Kjörumdæmisstjóri
- GAT - Global Action Team = Samstarfsvettvangur milli GMT, GLT og GST
- GMT -Global Membership Team = Alþjóðlegt teymi um félagamál
- GLT -Global Leadership Team = Alþjóðlegt teymi um Leiðtogaþróun
- GST -Global Service Team = Alþjóðlegt teymi um verkefni
- IRC -International Understanding & Cooperation Chairperson = Alþjóðasamskiptafulltrúi
- YEC -Youth Camp and Exchange Chairperson = Unglingaskiptafulltrúi
- PRC -Public Relation & Lions Information Chairperson = Kynningarfulltrúi
- LQC -Lions Quest Chairperson = Lions Quest fulltrúi
- CS -Council Secretary = Fjöldumdæmisritari
- CT -Council Treasurer = Fjöldumdæmisgjaldkeri
- DS -District (Cabinet) Secretary = Umdæmisritari
- DT -District (Cabinet) Treasurer = Umdæmisgjaldkeri
- ZC -Zone Chairperson = Svæðisstjóri



Greiðslur til svæðisstjóra



Svæðisstjóri fær greiðslur frá Lionshreyfingunni vegna ferðakostnaðar í vissum tilfellum. Ferðist svæðisstjóri með flugi til að sækja skóla svæðisstjóra fæst sa farmiði endurgreiddur. Sama gildir ef svæðisstjóri ferðast með flugi til að sækja umdæmisstjórnarfundi.

Fyrir ferðir á skóla svæðisstjóra, umdæmisstjórnarfundi, svæðisfund og klúbbheimsóknir fær svæðisstjóri greiddar 25,00 kr. fyrir hvern ekinn kilómetra umfram 100 km.

Svæðisstjóri skal hafa samráð við umdæmisstjóra varðandi allar ferðir umfram þær sem teljast skylduferðir.

Æskilegt er að svæðisstjóri nýti tölvupóst að svo miklu leiti sem mögulegt er. Má þar til dæmis nefna fundarboð og fundargerðir. Þurfi svæðisstjóri að senda fundarboð og / eða fundargerðir með venjulegum pósti endurgreiðir Lionsskrifstofan póstkostnað samkvæmt reikningi.

Svæðisstjórar eru hvattir til að nýta sér nútíma tækni svo sem Skype, facebook og aðra samfélagsmiðla til að vera í sem mestu sambandi við klúbbana á sínu svæði.



Klúbbheimsóknir



Í strjálbýli er æskilegt að svæðisstjóri sé einskonar leiðsögumaður umdæmisstjóra þegar hann heimsækir klúbbana. Í þéttbýli er svæðisstjóri að sjálfsgögðu einnig velkominn í heimsóknir með umdæmisstjóra.

Pað er þó ávallt umdæmisstjóri sem tekur ákvarðanir varðandi slíka fylgd.

Fylgi svæðisstjóri umdæmisstjóra í heimsóknir skal hann muna að þetta eru fundir umdæmisstjóra og svæðisstjórum ekki ætlað neitt sérstakt hlutverk á þeim nema umdæmisstjóri óski eftir einhverju sérstöku

Aðrar heimsóknir ættu að vera eftir samkomulagi við klúbbstjórnir og **umdæmisstjóra**.

Að eigin frumkvæði:

Í ávarpi sínu á klúbbfundí skýrir svæðisstjóri til dæmis frá starfi sínu og starfsreglu, flytur fréttir af starfinu á svæðinu, fyrirhuguðu samstarfi og ýmsu öðru.



Í fylgd umdæmisstjóra:

Í slíkri heimsókn hefur svæðisstjóri ekki sérstöku hlutverki að gegna nema umdæmisstjóri óski sérstaklega eftir því.

Að beiðni umdæmisstjóra:

Sú staða getur komið upp að umdæmisstjóri óski eftir að svæðisstjóri heimsæki klúbb í sérstökum erindagjörðum. Svæðisstjóri sinnir þeim erindum fyrir umdæmisstjóra og heldur sig eingöngu við það sem umdæmisstjóri óskar eftir.

Að beiðni klúbbstjórnar.

Ósjaldan biðja klúbbstjórnir svæðisstjóra að koma á klúbbfund og flytja fræðslu um eitthvert sérstakt málefni. Svæðisstjóri sinnir því, telji hann sig hafa þekkingu til eða óskar eftir aðstoð þess aðila á fjöldumdæmisráði eða umdæmisstjórn sem hefur með málefnið að gera. Einnig kemur fyrir að klúbbstjórnir óski eftir nærveru svæðisstjóra á stjórnarfundum og þá oftast til að leysa úr einhverju vandamáli sem upp hefur komið. Hafa skal samráð við umdæmisstjóra varðandi allar slíkar fræðsluferðir.



Svæðisstjóri skal hafa það hugfast í öllum sínum heimsóknum að hann er ekki þangað kominn til að sína eitthvert vald yfir klúbbnum, því það hefur hann alls ekki. Hann er þangað kominn til að gefa góð ráð og miðla af sinni reynslu og þekkingu. Svæðisstjóri lætur klúbbstjórnir eða almenna klúbbfélaga aldrei finna að fyrir afskiptasemi. Svæðisstjóri reynir að láta viðkomandi aðila finna að fylgst sé með klúbbnum af áhuga fyrir gengi þeirra.

Markmið allra heimsókna er: **Að efla tengsl milli klúbba, svæðisstjóra og umdæmisstjóra.**

Önnur samskipti:

Önnur samskipti við klúbbstjórnir ættu að vera sem tíðust. Gott er til dæmis að hafa samband við formann klúbbs einu sinni í mánuði til að spryja hvernig gangi. Þannig er hægt að láta formanninn finna að einhver utan klúbbsins hefur áhuga á því sem þeir eru að gera. Umfram allt er þó að láta formenn aldrei finnast sem einhver utanað komandi sé að skipta sér af þeirra starfi.





Skýrslur svæðisstjóra



Skýrslur til umdæmisstjórnarfunda:

Svæðisstjóra er ætlað að mæta á 3-4 umdæmisstjórnarfundi á starfsárinu.

Á þeim fundum skilar hann munlegri og skriflegri skýrslu (til umdæmisritara) um starfið á svæðinu. Skriflega skýrslan fer síðan í fundargerð umdæmisstjórnarfundarins.



Auðlindir fyrir svæðisstjóra



Á heimasíðu lions er gögn hinna ýmsu “skóla” þar má meðal annars finna “Fræðsla – Skóli svæðisstjóra” sjá hlekkinn [Skóli svæðisstjóra | Lions á Íslandi](#)

Þar er m.a. Handbók svæðisstjóra, Markmiðssetning, Samskipti og Ensk útgáfa af skýrslu svæðisstjóra til umdæmisstjóra eftir svæðisfund.

Að stofna aðgang að MyLCI alþjóðagagnagrunni Lionshreyfingarinnar er útskýrt í eftirfarandi power point skjali sem er hluti af “Fræðsla - Skóli ritara” á Lions.is [PowerPoint Presentation \(lions.is\)](#)

Ef aðstoða þarf klúbb við að skrá mánaðar- eða verkefnaskýrslu eru leiðbeiningar undir “Fræðsla – Öll myndbönd” á lions.is

[Skráning verkefnaskýrslu í MyLion - YouTube](#)

Ýmsar auðlindir eru fyrir svæðisstjóra á vef alþjóðahreyfingarinnar. Undir hlekknum <https://www.lionsclubs.org/en/resources-for-members/resource-center/zone-chairperson-training-materials>

Birtist “Zone Chairperson Workshop”

Helpful links

[Leadership Development Multiple District/District Grant Program](#)

[Zone Chairperson Learning Map](#)

[Zone and Region Chairperson e-Book](#)

[Zone and Region Chairpersons](#)

[Certified Guiding Lion Program](#)

[Participant Evaluation Form](#)